

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir menntaskóla nr. 175 27. september 1951.

1. gr.

Ákvæði 41. gr. reglugerðar fyrir menntaskóla, nr. 175, 27. september 1951, eru úr gildi núnin.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 12. maí 1967.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 99.

19. júní 1967.

AUGLÝSING

um umferð í Búðardalskaupúni.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Laxárdalshrepps hefur verið ákveðið með heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, að umferð um götur, sem liggja að þjóðveginum í Búðardal skuli víkja fyrir umferð um þjóðveginn. Verða sett biðskyldumerki á gatnamótin.

Skrifstofu Dalasýslu, 19. júní 1967.

Yngvi Ólafsson.

Nr. 100.

28. júní 1967.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur hefur hámarksökuhraði verið hækkaður úr 35 km í 45 km, miðað við klst. á eftirtöldum götum:

Ánanausti, Borgartúni, Grensásvegi, Háaleitisbraut, Hofsvallagötu, Kleppsvegi, Kringlumýrarbraut, Lönguhlíð, Laugarásvegi, Laugavegi austan Nóatúns, Reykja-vegi, Snorrabraut, Sóleyjargötu, Suðurgötu sunnan Hringbrautar og Sætúni.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 28. júní 1967.

Sigurjón Sigurðsson.